

## Svar við fyrirspurnum nr. 1-14 í útboði nr. 14816 – Innréttingar fyrir Háskóla Íslands

### Fyrirspurnir og svör birt á vef:

15. febrúar – nýjar fyrirspurnir og svör nr. 1-4

16. febrúar – ný fyrirspurn og svar nr. 5

19. febrúar – nýjar fyrirspurnir og svör nr. 6-14

#### Fyrirspurn 1:

Hvað er átt við með “stoneware” í borðplötum þ.e hvaða efni er fyrirstillt?

#### Svar 1:

Hér er átt við keramik borðplötu (brennd við mjög háan hita), gerð í heilu lagi með yfirborð úr glurung, mjög efnaþolinn plata, þolir nánast öll efni.

#### Fyrirspurn 2:

Gerð er athugasemdir við útboð 14816.

1.1.1.3. 2 x pure water purification plant.

Hér er ákveðið “Brand nafn” Millipore tekið fyrir og lýst – copy/paste. Útboðið er boðið út á European Economic Area. Skv. reglum er svona copy/paste á ákveðnu vörumerki óheimil. Lýsa skal virkni tækis sem óskað er eftir – ekki eins og hér þar sem ákveðnu tæki frá Millipore er lýst nákvæmlega. Við förum fram á að þessari grein verði breytt.

#### Svar 2:

Á bls. 6 í viðauka B með útboðslýsingu 14816, eru beinar tilvísanir í Millipore felldar úr gildi. Óskað er eftir sambærilegri vöru þó stuðst sé við þessa lýsingu. Megin hugsunin með tilvísan í þetta merki var, að það sem er boðið, væri ekki lakara að gæðum en umrætt merki eða sambærilegt.

#### Fyrirspurn 3:

S18/S19 – 1.2.3.

Hvað er átt við með að þessi viðskipti megi ekki fara yfir 10% af ársveltu fyrirtækis? Vinsamlegast útskýrið. Óskað er eftir að staðfest verði að fyrirtæki njóti trausts sem hefur margra ára sögu um góðan rekstur og að hafa staðið við alla samninga sem gerðir hafa verið við LSH og Ríkiskaup. Jafnframt að viðskiptabanki geti staðfest traustan rekstur fyrirtækis og burði til að takast á við aukna ábyrgð í viðskiptum.

#### Svar 3:

Þessi krafa er sett í útboðsgögn til að tryggja kaupanda öflugan bakhjarla og draga úr áhættu hans vegna þessara stóru innkaupa þar sem skiptir verulegu máli að vel takist til. Mikilvægt er að verkefnið falli inn í eðlilega framleiðslu og framleiðslugetu viðkomandi fyrirtækis. Fyrirtækið sem samið verður við verður að geta tryggt örugga framleiðslu sem og áframhaldandi þjónustu á komandi árum í samræmi við kröfur útboðslýsingarinnar og því er mikilvægt að fyrirtækið standi ekki og falli með einu verkefni.

Varðandi aðrar kröfur um stöðu fyrirtækja er vísað í útboðsgögn en staða fyrirtækja er metin á innsendum gögnum í hverju útboði.



RÍKISKAUP

**Fyrirspurn 4:**

T1/1.2.7.

Hér er talað um heimsókn verkaupanda á reference site. Er þessi heimsókn á kostnað verkkaupanda?

**Svar 4:**

Þjóðandi vöru/verktaki skal kosta ferð verkkaupa á „reference site“ ef af henni verður og gera ráð fyrir því í tilboði sínu.

**Fyrirspurn 5:**

Verður opnun á útboði frestað?

**Svar 5:**

Nei, opnunardagur stendur í samræmi við útboðsgögn.

**Fyrirspurn 6:**

Á bls 68,70,73 er talað um “components regarding safety”. Er hér verið að tala um vacuum system? Ég get ekki fundið þetta atriði í Attachment A. Vinsamlegast útskýrið þetta og ef þetta er eitthvað unit hvað er beðið um mörg ?

**Svar 6:**

Á bls. 105 í Attachment B er nákvæm útlitun á surcharge AC3-components regarding safety.

**Fyrirspurn 7:**

Ef litið er á allar vinnuborðseiningarnar í herbergjum – hvar verður afhending á öllum lögnum um frá húsinu s.s. rafmagn, gas, þrýstiloft, heitt og kalt vatn og það sem við á?

**Svar 7:**

Settar verða lagnaleiðir ofan við loft á fyrstu hæð og lagt niður að skápaeningum einnig til að koma lögnum að frístandi borðum sem sett verða á aðra hæð. Þrýstiloft, gas, heitt og kalt vatn kemur úr lögnum ofna úr lofti á 1. hæð en fara í gegnum gólfplötu að skápaeningum á 2. hæð þar sem það á við.

**Fyrirspurn 8:**

Vinsamlegast útskýrið vandlega hvað LIMIT OF DELIVERY “ by others “ þýðir á bls. 44 og 45 í Laboratory furniture system.

**Svar 8:**

Sjá bls. 9. By other: work and/or material delivered by the Contracting authority.

**Fyrirspurn 9:**

How is the access to the 1. Floor (elevator and/or stairs)?

**Svar 9:**

Aðgengi að lyftu og stiga er gott.

**Fyrirspurn 10:**

When the products are delivered on site the 30. June 2010, who holds the cost, for storage of the products, until they are installed, and where are they stored?



RÍKISKAUP

**Svar 10:**

Verktakinn ber allan kostnað af geymslu gáma sem innréttingarnar koma í og eru á verkstað meðan verið er að setja þær upp. Gámarnir munu fá geymslu svæði sem næst byggingunni á verkstað.

**Fyrirspurn 11:**

With regards to the ventilation for the fume cupboards. Do you want us to include dampers, or are they included in products from the companies that supply the Ventilation?

**Svar 11:**

Nei, hljóð demparar koma með loftræstikefinu.

**Fyrirspurn 12:**

For position 1.5.6.0 & 1.5.7.0 in the Attachment B - Unit Specification, there are not included any electrical panels in the specification. Are they already installed?

**Svar 12:**

They should be included.

**Fyrirspurn 13:**

Fume hoods.

In invitation to tender on page 30 there will be described: „all fume cupboards shall be equipped with a variable air volume controller“

In the position description: „extract air control device for constant extract airflow function display (FAZ)“

What shall we calculate ?

**Svar 13:**

One should calculate for variable air volume controller.

**Fyrirspurn 14:**

Regarding: 0.5 Checklist with tender (page 4): S7 1.1.9, 1.2.4, **1.1.26**.

**1.1.26** - We can not find this article number in the tender documents. Is this a wrong number?

**Svar 14:**

Tilvísun í lið S7 á að vera í kafla 1.1.9. 1.2.4 og 1.2.13 (ekki 1.1.26).

Virðingarfyllt

F.h. Ríkiskaupa

Sigurlaug B. Stefánsdóttir,  
verkefnastjóri



RÍKISKAUP